

Ákærði er enn fremur sviptur ökuleyfi ævilangt samkv. 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga, þ. m. t. fyrirmæli um ítrekunaráhrif. Gildir sviptingin frá dómshirningu.

Ákærði skal loks dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar máls þessa samkv. 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Sigurður Magnússon, greiði sekt kr. 3.000.00 til ríkissjóðs, og komi varðhald 10 dagar í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði er sviptur ökuleyfi ævilangt frá birtingu dómsins að telja.

Ákærða ber að greiða allan kostnað vegna máls þessa.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 20. janúar 1983.

Nr. 82/1982. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Sigurbirni Matthíassyni

(Gunnar Sólmes hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Guðmundur Jónsson og Guðmundur Skaftason, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu að ósk ákærða 19. mars 1982. Ágrip málsins barst Hæstarétti 25. júní.

Af hálfu ákærvalds er þess krefsit, að refsing verði þyngd, en héraðsdómur að öðru leyti staðfestur. Því var lýst yfir við munnlegan flutning málsins, að horfið væri frá ívitnunum í ákæruskjali í áfengislög nr. 82/1969.

Verjandi krefst sýknu.

Fallast ber á sakaramat héraðsdómara.

Akstur ákærða undir áhurifum áfengis 28. febrúar 1981 varðar við 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Akstur hans undir áhrifum áfengis 29. júní 1981 varðar, eins og ákæru er háttað, við 2., sbr. 3. mgr. sömu lagagreinar. Um refsingu fer eftir 80. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 54/1976 Verður refsing ákveðin eftir 77. gr. almennra hegningarlaga og með tilliti til þess, að 21. september 1979 gerði ákærði dómssátt vegna aksturs undir áfengisáhrifum og samþykkti að greiða sekt og að sæta ökuleyfisviptingu. Verður ákærði nú dæmdur til að sæta varðhaldi 25 daga. Þá ber eftir 81. gr. umferðarlaga að staðfesta ákvæði héraðsdóms um ökuleyfisviptingu.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar er staðfest. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin sakasóknarlaun í ríkissjóð, 3.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 3.500.00 krónur.

D ó m s o r ð

Ákærði, Sigurbjörn Matthíasson, sæti varðhaldi 25 daga.

Ákvæði héraðsdóms um ökuleyfisviptingu og greiðslu sakarkostnaðar eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 3.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gunnars Sólness, hæstaréttarlögmans, 3.500.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Eyjafjarðarsýslu 1. mars 1982.

Mál þetta, sem höfðað er með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 18. ágúst 1981, var tekið til dóms 26. febrúar 1982. Málið er höfðað „á hendur Sigurbirni Matthíassyni, Botni í Hrafnagilshreppi, fæddum þar 18. janúar 1957, fyrir að aka tvívegis árið 1981 bifreiðum undir áhrifum áfengis, svo sem rakið er:

1) Laugardaginn 28. febrúar A 4689 frá Hrísalundi á Akureyri um götur bæjarins, uns lögreglumenn stöðvuðu aksturinn á Þingvallastræti við sundlaugina.

2) Mánudaginn 29. júní A 7480 frá húsi nr. 98 við Hafnarstræti á Akur-

eyri um götu bæjarins, uns lögreglumenn stöðvuðu aksturinn á mótum Kaupvangsstrætis og Hafnarstrætis.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. og 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Ákærði, sem er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 18. janúar 1957 í Eyjafjarðarsýslu og telst sakhæfur, hefur sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

1979 21/9 í Eyjafjarðarsýslu: Sátt, 70.000 kr. sekt fyrir brot á 5. gr., 2., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðalaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 3. mán. frá 21/9 1979.

Málavextir.

Liður 1 í ákæruskjali.

Laugardaginn 28. febrúar 1981, um kl. 0455, voru lögreglumenn á eftirlitsferð á Akureyri. Þegar þeir voru staddir á Þingvallastræti veittu þeir at-
hygli bifreiðinni A 4689, þar sem henni var ekið af Skógarlundi og inn á Þingvallastræti og ekið þá götu til austurs, og virtist bifreiðinni vera ekið allgreitt. Veittu lögreglumennirnir því bifreiðinni eftirför og mældu hraða hennar með því að halda jöfnu bili á milli bifreiðanna, og samkvæmt hraðamæli lögreglubifreiðarinnar var bifreiðinni ekið á um það bil 75-85 kílómetra hraða miðað við klukkustund austur Þingvallastræti frá Hríslundi, en við Mýrarveg dró ökumaður úr hraða bifreiðar sinnar, og var aksturinn stöðvar við sundlaug Akureyrar, og þar var haft tal af ökumanni. Aðspurður kvaðst hann heita Sigurbjörn Matthíasson, til heimilis að Botni í Eyjafirði, fæddur 18. janúar 1957, og er hann ákærður í máli þessu. Aðspurður um ökuhraða sinn kvaðst ákærði ekki geta fullyrt um, hvað hann hefði ekið hratt, en kvaðst þó álíta, að hann hefði ekið á um 70 kílómetra hraða miðað við klukkustund. Í viðræðunum við ákærða fundu lögreglumenn daufan áfengisþef leggja frá vitum hans, og var hann látinn blása í öndunarsýni, sem sýndi 3. stig. Aðspurður um áfengisneyslu kvaðst ákærði ekki hafa neytt áfengis þá um nóttina eða við aksturinn, hins vegar hefði hann neytt áfengis nóttina áður og væri nú rúmlega sólarhringur liðinn, frá því að hann hefði neytt áfengis síðast. Ákærði var fluttur á lögreglustöðina, þar sem Kjartan Guðmundsson, vakthafandi læknir, tók honum blóð til alkóhólakvörðunar klukkan 0530 þessa sömu nótt. Samkvæmt vottorði Rannsóknastofu í lyfjafræði, dagsettu 9. mars 1981, reynd-

ist magn alkóhóls í blóði ákærða mælt með gasgreiningu á súlu vera 1.36 o/oo.

Ólafur Ásgeirsson lögregluvarðstjóri tók skýrslu af ákærða vegna málsins. Í þessari skýrslu viðurkenndi ákærði að hafa verið að aka bifreiðinni A 4689 og hafi hann verið að koma úr Hrísalundi og hafi ferðinni ekki verið heitið neitt sérstakt. Hann hafi hafið ökuferðina laust fyrir kl. 0500 þennan morgun. Þá þrætti ákærði fyrir að hafa neytt áfengis. Hann kvaðst hafa sofið 4 klukkustundir nóttina áður, og ekkert hafði hann sofið þennan dag. Þá kvaðst ákærði ekki hafa neytt áfengis, eftir að akstri hans lauk. Lögregluvarðstjórinn gerði athugun á útliti og öðrum einkennum ákærða í greint sinn. Í þessari athugun kom fram, að áfengisþefur af andardrætti var ógreinilegur, andlit eðlilegt, fatnaður snyrtilegur, framkoma kurteis, augu vot og rauð, jafnvægi stöðugt, málfar skýrt og framburður greinargóður.

Ákærði gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni á Akureyri mánudaginn 29. júní 1981. Í þessari skýrslu skýrði ákærði svo frá, að hann væri eigandi bifreiðarinnar A 4689, sem væri af gerðinni Ford Mustang, árgerð 1966, græn að lit. Þegar umræddur akstur hefði átt sér stað, hefði hann farið að heiman frá sér til Akureyrar einhvern tímann á föstudagskvöldið 28. febrúar 1981 eða þegar komið var fram yfir miðnætti það kvöld. Ákærði gat ekki tímasett þetta nánar, þar sem svo langt var um liðið. Tilgangurinn með ferð þessari til Akureyrar hafi verið að drepa tímann. Með ákærða til Akureyrar í bifreiðinni hafi verið kunningi hans. Eiríkur Rafnsson frá Stokkahlöðum, en ákærði hafi sótt hann þangað heim til hans. Ákærði kvaðst stundum hafa tekið Eirík með til Akureyrar, þegar hann hefur verið að skemmta sér. Ekki mundi ákærði, hvort Eiríkur var undir áhrifum áfengis þetta kvöld né hvort hann hefði verið mað áfengi með sér. Ákærði sagði, að þeir hefðu ekið eitthvað um bæinn, en Eiríkur hafi síðan farið á dansleik í veitingahúsinu H-100 eða í Sjálfstæðishúsinu, en ákærði mundi ekki eftir að hafa farið með honum á dansleik þetta kvöld. Ákærði taldi, að hann hefði haldið sig í bifreiðinni og ekið um bæinn. Þá kvaðst ákærði hafa hitt Sigurbjörn Skírnisson frá Skarði í Þingeyrarsýslu og hafi hann komið upp í bifreiðina hjá honum og ekið með honum víða um bæinn. Ekki mundi ákærði, hvar hann kom í bifreiðina né hvar hann fór úr henni. Ekki gat ákærði gert nákvæma grein fyrir ferðum sínum, vegna þess að svo langt var um liðið. Þó mundi ákærði eftir því, að um 10 mínútum áður en hann hafði verið stöðvaður af lögreglunni, þá hafi hann verið staddur í miðbænum. Þá hafi komið til hans á að giska tvítug stúlka og beðið hann að aka sér upp í Hrísalund. Ákærði þekkti ekki þessa stúlku og taldi, að hann mundi ekki þekkja hana aftur. Ákærði kveðst hafa fallist á að aka henni heim til hennar og hann hafi ekið sem leið lá þangað. Ákærði

kvaðst ekkert hafa stoppað heima hjá henni, heldur hafi hann ekið strax áfram, en mundi ekki, hvaða leið hann fór. Ákærði mundi þó, að hann ók austur Þingvallastræti. Ákærði kveðst svo hafa verið kominn að Sundlaug Akureyrar, þegar hann varð þess var, að lögreglubífið var ekið fram úr honum og hann stöðvaður. Lögreglumennirnir hafi spurt hann um öku hraða austur Þingvallastræti. Ákærði kveðst hafa sagt lögreglumönnum, að hann gæti ekki sagt til um ökuhraðann, en taldi þó, að ökuhraði sinn hefði ekki verið meiri en 50 kílómetrar miðað við klukkustund, og taldi hann því, að hraðmæling lögreglunnar, sem greint var frá hér að framan, væri alröng. Ákærði sagði, að lögreglumennirnir hefðu haft grun um, að hann væri undir áhrifum áfengis, og hafi látið hann blása í öndunarsýni og í framhaldi af því hafi þeir flutt hann á lögreglustöðina, þar sem úr honum hafi verið tekið blóðsýni. Þá kvaðst ákærði ekki hafa neytt áfengis fyrir aksturinn. Hann kvaðst hafa verið að drekka áfengi sólarhring áður, en áfengisáhrif hefðu verið alveg horfin. Ákærði taldi því, að öndunarsýni hefði ekki getað sýnt, að um áfengisneyslu væri að ræða, og jafnframt taldi hann niðurstöðu blóðrannsóknarinnar ranga. Þá taldi ákærði það rangt, að lögreglumennirnir hefðu fundið áfengislykt af vitum hans, en vel mætti vera, að þeir hefðu fundið áfengislykt úr bifreiðinni. Þá taldi ákærði sig fullvissan á því, að hann hefði ekki fundið til áfengisáhrifa við aksturinn, enda hefðu áhrifin af áfenginu, sem hann hafði drukkið sólarhring áður, verið alveg horfin.

Ákærði hefur staðfastlega neitað því fyrir sakadómi að hafa verið undir áfengisáhrifum í greint sinn, en viðurkennt, að atvikum væri að öðru leyti rétt lýst í þessum lið ákæruskjalsins.

Fimmtudaginn 17. september 1981 kom Sigurbjörn Ingi Skírinnsson, fæddur 14. maí 1956 í Grýtubakkahreppi, til heimilis að Skarði í Dalsmynni í Grýtubakkahreppi, Þingeyjarsýslu, fyrir dóminn sem vitni. Vitnið kannaðist við að hafa verið í bifreið ákærða umrætt kvöld og nótt, en ekki kannaðist þetta vitni við að hafa greint áfengisáhrif á ákærða við aksturinn í greint sinn og ekki að hann hefði neytt áfengis, þannig að vitnið vissi til.

Þá kom fyrir dóminn sem vitni Ólafur Ásgeirsson, fæddur 29. apríl 1945 á Akureyri, aðstoðaryfirlögregluþjónn, til heimilis að Háteigi, Akureyri. Vitnið kannaðist við að hafa verið á vakt þessa nótt. Vitnið sagðist fyrst hafa séð ákærða, þegar komið var með hann inn á lögreglustöðina. Vitnið sagði, að í fyrstunni hefði það ekki greint áfengisáhrif á ákærða, en tók fram, að ákærði væri þannig, að erfitt væri að átta sig á því, hvort hann væri undir áfengisáhrifum eða ekki, og vitnið byggði þetta á löngum kynnum sínum af ákærða. Vitnið kannaðist við að hafa tekið skýrslu varðstjóra í málinu. Þá sagði vitnið, að ákærði hefði staðfastlega neitað áfengisneyslu fyrir aksturinn. Vitnið sagði, að ákærði hefði setið andspænis því við borð

og eftir nokkra stund hefði vitnið fundið ógreinilega áfengislykt af honum, ekki sterka, en vel merkjanlega. Vitnið sagði, að andlit ákærða hefði verið eðlilegt, fatnaður hefði verið snyrtilegur, framkoma kurteis, en vitnið staðfesti, að ákærði hefði verið óeðlilegur til augna, þ. e. augu hefðu verið vot og rauð. Jafnvægi ákærða hefði verið ágætlega stöðugt og málfar skýrt og greinargott. Vitnið sagði, að einu einkennin um áfengisáhrif á ákærða hafi verið þessi ógreinilegi áfengisþefur. Vitnið sagði, að atvik málsins bentu til þess, að ákærði hefði ekki nýlega neytt áfengis, þ. e. ekki rétt fyrir aksturinn, heldur hefði hann verið langdrukkinn og lítið sofinn, enda hafði hann aðeins sofið 4 klukkustundir síðustu tvo sólarhringa fyrir tókuna samkvæmt hans framburði.

Sama dag kom fyrir dóminn sem vitni Stefán Árni Tryggvason, fæddur 21. janúar 1942 á Akureyri, lögreglumaður, til heimilis að Lönguhlíð 7, Akureyri. Vitnið kvaðst hafa verið á vakt aðfaranótt laugardagsins 28. febrúar 1981 og í greint sinn hafi það verið ökumaður lögreglubifreiðarinnar. Vitnið sagði, að bifreið ákærða hefði í greint sinn verið stöðvuð vegna of hraðs aksturs. Vitnið sagði, að Gunnar Jóhannsson hefði farið út og fengið ákærða yfir í lögreglubifreiðina. Vitnið sagði, að í viðtali við ákærða inni í lögreglubifreiðinni hefði komið fram greinileg áfengislykt. Vitnið sagðist muna, að augu ákærða hafi verið vot og rauð og dauf. Vitnið sagði, að öndunarsýni, sem af ákærða var tekið, hafi sýnt 3. stig. Önnur ölvunareinkenni hafi ekki sést á ákærða en þau, sem hér að framan er lýst.

Sama dag kom fyrir dóminn sem vitni Gunnar Jóhannes Jóhannsson, fæddur 7. nóvember 1957 á Húsavík, lögreglumaður, til heimilis að Kotárgerði 23, Akureyri. Vitnið staðfesti frumskýrslu sína frá 28. febrúar 1981. Vitnið sagði, að ekki hefðu verið merkjanleg ölvunareinkenni á ákærða nema greinileg áfengislykt, þegar ákærði var kominn yfir í lögreglubifreiðina. Ákærði hafi verið látinn blása í öndunarsýni og hafi það sýnt 3. stig. Vitnið sagði, að það, sem fyrst hefði vakið grunsemdir þess um, að ákærði væri ölvaður, væri, að hann hefði verið niðurlútur og forðast að horfa framan í lögreglumennina, þegar þeir ræddu við hann.

Mánudaginn 12. október 1981 kom vitnið Ágúst Marinósson, fæddur 5. maí 1951 á Valbjófsstað í Fljótsdal, lögreglumaður, til heimilis að Hrafnagilsstræti 37, Akureyri, fyrir dóminn. Vitnið kvaðst í greint sinn hafa verið lögreglumaður nr. 24, þegar ákærði var handtekinn vegna gruns um ölvun við akstur. Vitnið staðfesti, að atvikum væri rétt lýst í skýrslu Gunnars J. Jóhannssonar lögreglumanns frá 28. október 1981. Vitnið mundi ekki nákvæmlega eftir ölvunareinkennum á ákærða í greint sinn, en í þetta skipti hefði ákærði verið tekinn yfir í lögreglubifreiðina og eftir að hann var búinn að vera þar í nokkrar mínútur, hefði fundist af honum áfengislykt. Vitnið sagði, að þá hefði verið tekið öndunarsýni af ákærða og það hefði

Stefán Tryggvason lögreglumaður gert. Vitnið mundi ekki eftir neinum öðrum ölvunareinkennum á ákærða í greint sinn en áfengislykt þessari, sem hafi lagt frá vitum hans inni í lögreglubifreiðinni. Vitnið getur þess, að lögreglan hafi stöðvað bifreið ákærða um klukkustund áður en hann var stöðvaður í þetta skipti og hafi bifreið ákærða þá verið stöðvuð á Þingvallastræti við Hrisalund á mótis við hús nr. 5. Þá hafi aðeins verið rætt við ákærða inni í hans bifreið og þá hafi ekkert fundist athugavert varðandi áfengisneyslu eða ölvunareinkenni.

Sama dag kom fyrir dóminn sem vitni Eiríkur Rafnsson, fæddur 26. apríl 1958 á Akureyri, vörubifreiðarstjór, til heimilis að Stokkahlöðum, Hrafnagilshreppi, Eyjafjarðarsýslu. Vitnið kannast við að hafa verið farþegi í bifreið ákærða, A 4689, aðfaranótt laugardagsins 28. febrúar 1981. Vitnið kvaðst hafa verið í Sjálfstæðishúsinu til um klukkan 0200 um nóttina. Vitnið mundi ekki, hvort ákærði var í Sjálfstæðishúsinu þetta kvöld, en vitnið segist hafa hitt ákærða, eftir að dansleik lauk, og vitnið segist hafa hitt hann fyrir utan Sjálfstæðishúsið. Vitnið taldi, að það hefði fljótlega farið inn í bifreið ákærða. Skömmu seinna hefði Sigurbjörn Skírnisson komið í bifreiðina. Vitnið sagði, að ákærði hefði ekið Sigurbirni Skírnisssyni heim til hans í Hrisalund. Vitnið sagði, að lögreglan hefði stöðvað akstur ákærða við gangbrautarljósina á Þingvallastræti á mótis við Hrisalund 5, þ. e. verslun Kaupfélags Eyfirðinga, Akureyri. Ekki hefði lögreglan þá fundið neitt athugavert við akstur ákærða, enda hafi honum þá verið leyft að aka áfram. Vitnið sagði, að lögreglan hefði stöðvað akstur ákærða um hálfri klukkustund seinna á Þingvallastræti við Iðnskólann. Vitnið sagði, að í þetta skipti hefði ákærði verið tekinn yfir í lögreglubifreiðina og þá hafi verið farið með hann á lögreglustöðina. Vitnið kannaðist ekki við að hafa séð áfengisáhrif á ákærða við þennan akstur, og ekki kvaðst vitnið hafa séð ákærða neyta áfengis. Vitnið sagðist greint sinn hafa verið undir dálitlum áfengisáhrifum, en ekki miklum. Vitnið kvaðst efast um, að það hefði fundið áfengislykt af ákærða, vegna þess að það hefði neytt áfengis.

Niðurstaða.

Með vísan til niðurstöðu alkóhólákvörðunarinnar, framburðar ákærða og vættis vitnanna Ólafs Ásgeirssonar, Stefáns Tryggvasonar, Gunnars Jóhannssonar og Ágústs Marinóssonar telst sannað, að ákærði hafi, þrátt fyrir að hann væri undir áhrifum áfengis, ekið bifreiðinni A 4689, eins og rakið er í þessum lið ákæruskjals. Með þessari háttsemi sinni hefur ákærði brotið ákvæði 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengis laga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978. Verða kröfur ákærvaldsins teknar til greina að öllu leyti varðandi þennan ákærulið.

Liður 2 í ákæruskjali.

Mánudaginn 29. júní 1981, um klukkan 0115, voru lögreglumenn á eftirlitsferð í lögreglubifreið í Hafnarstræti á Akureyri. Þegar þeir voru staddir á móts við veitingastaðinn H-100, sáu þeir bifreiðina A 7480, þar sem henni var ekið á undan þeim. Töldu þeir sig þekkja, að ökumaður nefndrar bifreiðar væri ákærði, en lögreglumönnum var kunnugt um, að rannsóknarlögreglan þurfti að hafa tal af honum. Af þessari ástæðu stöðvuðu þeir bifreiðina rétt við gatnamót Hafnarstrætis og Kaupvangsstrætis. Grunur féll á ákærða um, að hann hefði neytt áfengis, og því var hann færður í lögreglubifreiðina og látinn blása í öndunarsýni, sem gaf til kynna, að um áfengisneyslu væri að ræða. Ákærði þrætti fyrir að hafa neytt áfengis, en lögreglumennirnir töldu sig finna nokkurn áfengisþef frá vitum hans. Var ákærði og bifreið hans færð á lögreglustöð, þar sem Árni Magnússon, lögregluvarðstjóri tók við rannsókn málsins. Þá tók Ólafur Halldórsson læknir blóðsýni úr ákærða til alkóhólrannsóknar klukkan 0135 þessa sömu nótt. Niðurstaða þeirrar alkóhólrannsóknar samkvæmt vottorði Rannsóknastofu í lyfjafræði, dagsettu 7. júlí 1981, en mælingin var gerð með gasgreiningu á súlu, sýndi magn alkóhóls í blóði ákærða 1.30 o/oo.

Árni Magnússon lögregluvarðstjóri tók skýrslu varðstjóra af ákærða í greint sinn. Í þessari skýrslu viðurkenndi ákærði að hafa verið að aka bifreiðinni A 7480 og hefði ökuferðin hafist á Hafnarstærit við Hótel Akureyri og hafi ferðinni ekki verið heitið neitt sérstakt. Ökuferðin hefði hafist um kl. 0100 þessa sömu nótt. Þá þrætti ákærði fyrir að hafa neytt áfengis, hann kvaðst hafa sofði um 12 klukkustundir nóttina áður. Þá viðurkenndi ákærði að hafa ekki neytt áfengis, eftir að hann hætti akstri. Lögregluvarðstjórinn gerði athugun á útliti og öðrum einkennum ákærða í greint sinn. Í þessari athugun kom fram, að áfengisþefur af andardrætti var nokkur, andlit var folt, fatnaður snyrtilegur, framkoma þrætugjörn, augu vot og dauf, jafnvægi stöðugt, málfar þvöglulegt og framburður ruglingslegur. Lögregluvarðstjórinn gerði þá athugasemd, að ekki hefði tekist að ljúka við að taka skýrslu af ákærða, þar sem framburður hans hafi verið mjög ruglingslegur, og hafi hann því verið settur í fangaklefa.

Ákærði gaf skýrslu hjá rannsóknarlögareglunni á Akureyri 30. júní 1981 vegna málsins. Í þessari skýrslu skýrði ákærði svo frá, að hann væri eigandi bifreiðarinnar A 7480, sem væri af gerðinni Skoda, árgerð 1974, gul að lit. Það hefði verið um kl. 2030 umrætt kvöld, að hann hefði farið að heiman frá sér til Akureyrar á bifreið sinni. Þegar hann hafi verið kominn í bæinn, hafi hann farið á kvikmyndasýningu í Nýja bíói. Á meðan hafi hann geymt bifreiðina á staði norðan við kvikmyndahúsið. Eftir að sýningu hafi lokið um kl. 2300, hafi hann ekið um bæinn í um það bil eina klukkustund, en þá hafi honum dottið í hug að fara á dansleik í veitingahúsinu H-100,

hann hafi því lagt bifreiðinni í Hafnarstræti á móts við hús nr. 98 og hafi síðan farið inn á nefndan veitingastað. Þar hafi hann verið þangað til dansleik lauk um klukkan 0100 um nóttina. Ekki kvaðst ákærði hafa hitt neinn þar inni, sem hann hafi þekkt. Er dansleik hafi lokið, hafi hann farið út í bifreiðina og ekið af stað. Hann hafi ekið einn hring í miðbænum og verið staddur í Hafnarstræti á mótum Kaupvangsstrætis, þegar lögreglan hafi stöðvað akstur hans. Lögreglumennina hafi grunað, að hann væri undir áhrifum áfengis, og hafi því fært hann á lögreglustöðina. Þar hafi hann verið látinn blása í öndunarsýni og úr honum tekið blóðsýni. Ákærði full-yrti, að hann hefði ekki neytt áfengis umrætt kvöld og hafi hann því engan veginn fundið til áfengisáhrifa. Þá taldi ákærði það alrangt, að áfengisþefur hefði verið af andardrætti hans. Ákærði taldi, að það væri alrangt hjá lögreglumönnum, að hann hefði verið undir áfengisáhrifum í greint sinn.

Fyrir sakadómi við þingestingu málsins 4. september 1981 kannaðist ákærði við, að atvikum í þessum lið ákæruskjalsins væri rétt lýst að öllu öðru leyti en því, að hann hefði ekki verið undir áhrifum áfengis, og taldi hann niðurstöðu alkóhólfrannsóknarinnar ranga. Þá kvaðst ákærði ekki hafa neinu að bæta við skýrslu sína hjá lögreglu frá 30. júní, sem hér að framan var rakin.

Fimmtudaginn 17. september 1981 kom fyrir dóminn sem vitni Árni Höskuldur Magnússon, fæddur 5. apríl 1931 í Saurbæjarhreppi, lögregluvarðstjóri, til heimilis að Háalundi 2, Akureyri. Vitnið kvaðst hafa verið á vakt í greint sinn, þ. e. aðfaranótt mánudagsins 29. júní 1981. Vitnið kvaðst ekki hafa séð ákærða, fyrr en lögreglumenn komu með hann á lögreglustöðina í greint sinn. Vitnið kvaðst vera fullvisst um það, að það hefði séð áfengisáhrif á ákærða. Vitnið kannaðist við það að hafa tekið skýrslu varðstjóra þá, sem hér að framan greinir. Vitnið sagði, að ákærði hefði strax neitað áfengisneyslu fyrir akstur og að hann væri undir áhrifum áfengis. Vitnið sagði, að vegna aðgerðar á nefi sínu hefði það ekki getað fundið lykt og hefði það spurt lögreglumenn þá, sem handtóku ákærða, eftir því, hvort um áfengislykt væri að ræða, og hefðu þeir verið sammála um það. Þá mundi vitnið vel eftir því, að ákærði hefði verið fötur í andliti og andlit hefði þar með verið óeðlilegt. Þá staðfesti vitnið, að fatnaður hans hefði verið snyrtilegur. Vitnið sagði, að ákærði hefði verið þrætugjarn, þ. e. þegar vitnið fór að ræða við ákærða, hafi verið erfitt að fá hann til að svara og hann hafi breytt framburði sínum hvað eftir annað. Vitnið sagði, að ákærði hefði breytt framburði sínum varðandi það, hvernær ökuförin hefði hafist, og fleira, sem hann breytti, en sagði, að að sínu mati hefðu augu ákærða verið óeðlileg, þ. e. vot og dauf. Vitnið sagði, að jafnvægi ákærða hefði verið nokkuð stöðugt, þ. e. vitnið tók ekki eftir,

að hann væri óstöðugur. Vitnið sagði, að málfar ákærða hefði verið þvöglulegt og drafandi, þó ekki mikið, og að álitni vitnisins stafaði það af áfengisneyslu. Vitnið sagði, að framburður ákærða hefði verið ruglingslegur, þ. e. ákærði hafi breytt framburði sínum hvað eftir annað. Vitnið sagðist aldrei hafa verið í neinum vafa um, að ákærði hefði verið undir áfengisáhrifum í greint sinn.

Vitnið Stefán Árni Tryggvason, fæddur 21. janúar 1942 á Akureyri, lögreglumaður, til heimilis að Lönguhlíð 7, Akureyri, kom fyrir dóminn sama dag. Vitnið staðfesti, að frumskýrsla Gunnars Randverssonar lögreglumanns varðandi málið væri rétt. Vitnið sagðist sjálf hafa farið út úr lögreglubifreiðinni í greint sinn og haft tal af ákærða. Vitnið kvaðst ekki hafa fundið áfengislykt af ákærða, meða hann var inni í sinni bifreið, og minntist vitnið þess, að augu ákærða hefðu verið óeðlileg, þ. e. vot og dauf eða fljótandi, og það hafi verið ástæðan fyrir því, að vitnið bað ákærða að koma yfir í lögreglubifreiðina. Vitnið sagðist hafa fundið greinilega áfengislykt af ákærða, þegar hann var kominn inn í lögreglubifreiðina og hann hafi verið látinn blása í öndunarsýni, sem sýndi 2. stig, þ. e. nægjanlegt til að færa ákærða í blóðtöku. Vitnið mundi ekki eftir öðrum ölvunareinkennum á ákærða í greint sinn. Vitnið sagði, að ákærði hefði verið færður á lögreglustöðina, þar sem Árni Magnússon lögregluvarðstjóri hefði tekið við rannsókn málsins. Vitnið minntist þess ekki, að Árni Magnússon lögregluvarðstjóri hefði spurt sig eftir áfengislykt af ákærða.

Sama dag kom fyrir dóminn sem vitni Gunnar Hólm Randversson, fæddur 31. maí 1931 í Ólafsvík, lögreglumaður, til heimilis að Espilundi 1, Akureyri. Vitnið staðfesti frumskýrslu sína vegna málsins. Vitnið sagði, að einu ölvunareinkenni á ákærða hefðu verið þau, að þegar hann var kominn yfir í lögreglubifreiðina, hafi verið af honum greinileg áfengislykt. Ekki mundi vitnið, hversu mörg stig öndunarsýni sýndi. Vitnið minntist þess ekki að hafa verið viðstatt, þegar lögregluvarðstjóri tók skýrslu af ákærða. Vitnið taldi, að lýsing lögregluvarðstjóra á ölvunareinkennum væri rétt. Vitnið sagði, að akstur ákærða hefði verið stöðvaður í greint sinn, vegna þess að vitað var, að rannsóknarlögreglan þyrfti að ná tali af honum, en aðrar ástæður hafi ekki legið til þess, að hann var stöðvaður. Vitnið tók fram, að öndunarsýni hafi sýnt þau einkenni, að ástæða væri til frekari athugunar á ákærða.

Sama dag kom fyrir dóminn sem vitni Aðalsteinn Bernharðsson, fæddur 6. febrúar 1954 í Hrafnagilshreppi, lögreglumaður, til heimilis að Hjallalundi 13 H, Akureyri. Vitnið staðfesti, að atvikum í frumskýrslu Gunnars Randverssonar lögreglumanns væri rétt lýst. Vitnið kvaðst hafa farið sjálf út úr lögreglubifreiðinni og rætt við ákærða. Á meðan vitnið hafi rætt við ákærða í bifreið hans, hafi vitnið ekki greint áfengisáhrif á honum og engin

sérstök ástæða hafi verið fyrir því, að ákærði var tekinn yfir í lögreglubifreiðina. Er ákærði hafi verið kominn yfir í lögreglubifreiðina, segist vitnið hafa fundið greinilega áfengislykt af ákærða og þess vegna hafi verið tekið af honum öndunarsýni. Vitnið sagði, að öndunarsýni hefði litað þannig, að ástæða væri til frekari athugunar á ákærða. Vitnið kvaðst ekki hafa verið viðstatt, þegar lögregluvarðstjórinn tók skýrsluna af ákærða.

Niðurstaða.

Með vísan til niðurstöðu alkóhólákvörðunarinnar, framburðar ákærða og vættis vitnanna Árna Magnússonar, Stefáns Tryggvasonar, Gunnars Randverssonar og Aðalsteins Bernharðssonar telst sannað, að ákærði hafi í greint sinn ekið bifreiðinni A 7480, eins og rakið er í þessum lið ákæru-skjalsins, þrátt fyrir að hann væri undir áhrifum áfengis. Ákærði hefur með þessari háttsemi sinni brotið ákvæði 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978. Verða kröfur ákæruvaldsins teknar til greina að öllu leyti varðandi þennan ákæruleið.

Ákvörðun refsingar.

Dómsáttin frá 20. september 1979 hefur ítrekunaráhrif í þessu sambandi, sbr. 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978. Refsing hans með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 telst hæfilega ákveðin 6.000.00 króna sekt til ríkissjóðs. Í stað sektar komi varðhald 15 daga, verði sekt ekki goldin innan fjögurra vikna frá birtingu dóms. Svípta ber ákærða ökuleyfi, svo sem krafist er, samkv. 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Með vísan til þess, að hér er um ítrekað brot að ræða, verður ákærði sviptur ökuleyfinu ævilangt frá dómsbirtingu. Að lokum ber að dæma ákærða með vísan til 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Björns Jósefs Arnviðarsonar héraðsdómslögmanns, 4000.00 krónur.

Dóminn kveður upp Sigurður Eiríksson dómarafulltrúi.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Sigurbjörn Matthíasson, greiði 6.000.00 króna sekt til ríkissjóðs.

Í stað sektar komi varðhald 15 daga, verði sekt ekki goldin innan fjögurra vikna frá birtingu dóms.

Ákærði er sviptur ökuleyfi ævilangt frá birtingu dóms.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Björns Jósefs Arnviðarsonar héraðsdómslögmanns, 4.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 20. janúar 1983.

Nr.185/1981.

Helgi Steinar Karlsson

(Gunnar Sæmundsson hdl.)

gegn

hreppsnefnd Grímsneshrepps

(Ingi Ingimundarson hrl.).

Fasteignaskattur. Lögtak.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson og Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir, settir hæstaréttardómarar.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 31. ágúst 1981, að fengnu áfrýjunarleyfi 5. ágúst s. á. Hann krefst þess, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og dæmt, að hin umbeðna lögtaksgerð skuli eigi fara fram. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt gögnum málsins og málflutningi aðilja eru málavextir þeir, að hinn 1. maí 1968 keyptu Múrarafélag Reykjavíkur og Múrarameistarafélag Reykjavíkur jörðina Öndverðarnes í Grímsneshreppi í Árnessýslu. Á næsta ári létu félögin skipuleggja þar orlofs-húsahverfi, 122 lóðir, sem hver er 5.000 m² að stærð. Sérstök stjórn, skipuð alls 9 mönnum frá báðum félögunum, fer með stjórn orlofslandsins, úthlutar lóðum til félagsmanna og gerir við þá leigusamninga. Samningar þessir eru allir sagðir vera samhljóða. Þrjár lóðir eru skráðar á nafn Orlofsheimilis Múrarafélags Reykjavíkur, sem